

## Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí veitt í annað sinn 2011



Verðlaunahafar ásamt forseta Íslands. Frá vinstri: Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Bára Sigurðardóttir, formaður dómnefndar, Joakim Reynisson framkvæmdastjóri tæknisviðs Nova sem tók við verðlauninum fyrir hönd Liv Bergþórsdóttur, Björn Zoega, forstjóri Landspítalans og Guðmundur S. Pétursson, gæðastjóri Landsvirkjunar.

Björn Zoega, forstjóri Landspítala háskólasjúkrahúss, Guðmundur S. Pétursson, gæðastjóri Landsvirkjunar og Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, eru handhafar stjórnunarverðlauna Stjórnvísí árið 2011. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti verðlaunin við virðulega athöfn í Turninum. Bára Sigurðardóttir, formaður dómnefndar, flutti ræðu fyrir hönd dómnefndar. Mikið fjölmenni var við afhendingu verðlaunanna.

Björn Zoega fékk verðlaunin í flokki fjármálastjórnunar, Guðmundur S. Pétursson í flokki gæðastjórnunar og Liv Bergþórsdóttir í flokki markaðsstjórnunar. Aðeins félagar í Stjórnvísí koma til greina við útnefningu verðlaunanna. Liv er erlendis og tók Joakim Reynisson við verðlauninum fyrir hennar hönd.

Markmið stjórnunarverðlauna er að vekja athygli á faglegu og framúrskarandi starfi hins almenna stjórnenda. Stjórnunarverðlaunin hljóta þeir stjórnendur sem þykja hafa skarað framúr á sínu sviði. Allar nánari upplýsingar um stjórnunarverðlaunin s.s. dómnefnd, rökstuðning og tilnefningar má sjá á heimasíðu Stjórnvísí

### Dómnefnd skipuðu eftirtaldir:

- Agnes Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri markaðssviðs Íslenska gámafélagsins
- Ásta Bjarnadóttir forstöðumaður hjá Háskóla Íslands
- Bára Sigurðardóttir formaður dómnefndar, situr í stjórn Stjórnvísí og mannauðsstjóri hjá Termu
- Helgi Þór Ingason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur
- Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri Össurar
- Ingvi Elliðason forstjóri Capacen
- Jón Snorri Snorrason lektor við Háskóla Íslands

Ummæli um verðlaunahafa á hátíðinni:

### Í flokki gæðastjórnunar

1. **Guðmundur S. Pétursson** gæðastjóri Landsvirkjunar.

Verðlaunahafinn hefur unnið að gæðamálum innan fyrirtækis síns frá árinu 1999. Árið 2000 lagði hann til við framkvæmdastjórn að fyrirtækið færi í það að innleiða og votta gæðastjórnun fyrirtækisins samv. ISO 9001 staðlinum og árið 2006 voru allar vinnslueiningarnar búnar að fá vottun skv. staðlinum. Hann hefur staðið fyrir innleiðingu á öllum grunnstöðlum sem prýða góða stjórnun fyrirtækja eins og gæðastaðli ISO 9001, umhverfisstaðli ISO 14001 og öryggisstjórnunarstaðli OHSAS 18001. Undir hans stjórn fékk fyrirtækið Gæðaverðlaunin 2007 skv. EFQM líkaninu. Virkni gæðastjórnunar byggir á eftirfylgni og fræðslu til

starfsmanna fyrirtækis og fylgir hann því vel eftir að starfsmenn vinni með og skilji tilgang í innleiddum kröfum staðlanna sem innleiddar eru síðan í verklagsreglur og ferla fyrirtækisins. Hann er ötull talsmaður gæðastjórnunar hvar sem hann kemur og fús að miðla öðrum fyrirtækjum af reynslu sinni.

Verðlaunahafinn í flokki gæðastjórnunar er Guðmundur S. Pétursson gæðastjóri Landsvirkjunar.

---

## Í flokki fjármálastjórnunar.

### 1. Björn Zoega forstjóri Landspítalans.

Verðlaunahafinn er forstjóri en ekki fjármálastjóri, en er engu að síður vel að þessum verðlaunum kominn. Hann hefur af framsýni náð eftirtektarverðum árangri í starfi á skömmum tíma. Hann var skipaður forstjóri Landspítala til fimm ára frá og með 1. október 2010, en hafði áður gegnt starfinu í eitt ár, í leyfi forvera síns. Hann hefur gengið jákvæður til verks og hefur litið á viðfangsefnið sem verkefni en ekki vandamál og þannig leitast við að finna lausnir. En vegna stöðu ríkisfjármála hafa hagræðing og sparnaður orðið helstu verkefni hins nýja forstjóra. Hann hefur sýnt mikla þekkingu og skilning á fjármálastjórnun og rekstri spítalans og hefur sem leiðtogi fengið starfsfólkið í lið með sér, sem er frumskilyrði í miklum niðurskurði. Hann hefur haft frumkvæði að ýmsum verkefnum sem hafa bætt skipulag og vinnubrögð og hefur alltaf sjálfur verið ötull talsmaður hagræðingaraðgerða og bent á að enginn sparnaður sé svo lítil að hann skipti ekki máli. Þannig hefur náðst ótrúlegur árangur í rekstri spítalans, en á árinu 2010 er spítalinn í fyrsta sinn í langan tíma innan heimilda fjárlaga.

Verðlaunahafinn í flokki fjármálastjórnunar er Björn Zoega forstjóri Landspítalans. Stjórnvísir vill þó taka fram, að með þessum verðlaunum erum við ekki síður að veita viðurkenningu þeim fjölmörgu starfsmönnum spítalans sem Björn hefur fengið með sér í þetta vandasama verkefni. “

---

## Í flokki markaðsstjórnunar

### 1. Liv Bergþórsdóttir framkvæmdastjóri Nova

Verðlaunahafinn hefur náð undraverðum árangri á fjarskiptamarkaði sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Á aðeins þremur árum hefur fyrirtækið náð 20% markaðshlutdeild og er nú með yfir 80 þúsund vidskipavini í 3G farsíma- og netþjónustu. Þessu hefur verið áorðað með framúrskarandi markaðsstarfi og þjónustu.

Þá hefur fyrirtækið hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga á undanförunum misserum. Ma. valdi ÍMARK það sem markaðsfyrirtæki ársins 2009 og fyrirtækið er á topp 20 lista yfir Fyrirtæki ársins hjá VR. Í febrúar síðastliðnum hlaut fyrirtækið Íslensku vefverðlaunin fyrir besta sölu- og kynningarvefinn og fékk jafnframt hæstu einkunn allra fyrirtækja sem mæld eru í Íslensku ánægjuvogni í ár.

Einstaklingurinn hefur mikla þekkingu og reynslu á markaðsmálum en hefur jafnframt sýnt að hann er leiðtogi sem leggur mikla áherslu á góðan liðsanda. Þannig hefur honum tekist að byggja upp framsækið og skemmtilegt þjónustufyrirtæki á sviði samskipta.

Verðlaunahafinn er Liv Bergþórsdóttir framkvæmdastjóri Nova.